

LEIÐ

MÁNUDAGUR 11. NÓVEMBER 2019

Lífsstíll



Rebekka Blöndal flytur lög Billie Holiday í Hörpu á miðvikudaginn á vegum Múlans Jazzklúbbs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Tónlistin er mín ástríða

Rebekka Blöndal lauk framhaldsprófi í djasssöng í sumar fimm árum eftir að hún hóf nám. Á sama tíma afrekaði hún að ljúka mastersnámi og eignast tvö börn. Nú stefnir hún á að koma sterk inn í tónlistarlífið á Íslandi. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Rebekka segist alla tíð hafa haft mikinn áhuga á djasstónlist en hún ólst upp við að hlusta á tónlistarfólk eins og Frank Sinatra og Billie Holiday. „Mér finnst djass æðislegur. Ég valdi að læra djass-söng því mér fannst hann veita mér svo mikið frelsi. Sumum finnst þeir vera settir inn í einhvern kassa þegar þeir fara í tónlistarnám. Ég prófaði að læra klassískan söng, þá fyrst fannst mér ég vera sett í kassa en mér fannst ég hafa meira frelsi í djassinum, svo heillaði tónlistin mig líka meira, hún er mér svo hugleikin, ég get alltaf hlustað á þessa tónlist,“ segir Rebekka.

Rebekka segist hafa byrjað að grúska sjálf og leita að tónlist á menntaskólaárunum og þá hafi hún uppgötvað Ellu Fitzgerald og fleira þekkt djasstónlistarfólk. „Djasstónlist er mikið uppáhald hjá mér, þetta eru svo falleg lög og oft fallegir textar líka. Það er einhver hljómbler í þessum lögum sem mér finnst svo dásamlegur.“

Heldur upp á Billie Holiday

Núna á miðvikudaginn 13. nóvember verður Rebekka með tónleika í Björtuloftum í Hörpu á vegum Múlsans Jazzklúbbs. Þar mun Rebekka flytja lög Billie Holiday og túlka þau á sinn hátt. „Mér finnst skemmtilegt að vera með ákveðið þema á tónleikum mínum. Ég var með Ettu James Tribute tónleika í fyrru og aftur núna í ár. En átrúnaðargyðjan hennar Ettu James var Billie Holiday, þannig kviknaði hugmyndin hjá mér um að halda líka tónleika með lögum hennar. Ég hef líka lengi haft miklar mætur á Billie Holiday. Það eru til upptökur með henni frá ákveðnu tímabili þegar hún byrjar að syngja með Teddy Wilson bandinu sem mér finnst svo heillandi og ég ákvað að mig langaði að skapa mér eitthvað skemmtilegt verkefni út frá henni.“

Þetta verður að vísu ekki í fyrsta sinn sem Rebekka flytur lög Billie Holiday á tónleikum en í sumar hélt hún tónleika á Jómfrúnni þar sem hún söng lög hennar og Ettu James í bland en þetta er í fyrsta sinn sem hún heldur tónleika sem eru bara tileinkaðir Billie Holiday.

„Í júlí á þessu ári voru 60 ár síðan Billie Holiday dó. Mér finnst tengingin milli hennar og Ettu James mjög áhugaverð. Þær voru báðar miklir eiturfjafliklar og áttu mjög erfitt líf. Maður



Rebekku langar að fara að syngja frumsamda tónlist og er að vinna í að semja eigið efni hægt og rólega.

heyrir það alveg á túlkun þeirra í söngnum. Billie þykir vera ein sú merkilegasta í djassögunni hvað varðar túlkun á lögum þannig að það er gaman að tækla hennar tónlist. Það eru alveg ákveðin lög með henni sem mér finnst ég megi ekki taka, Strange Fruit til dæmis, en fólk hefur samt alveg gert ábreiður af því lagi. En ég get allavega lofað því að það verða mörg lög á efnisskránni sem addaendur

hennar ættu að kannast við,“ segir Rebekka. Rebekka tekur fram að hljóm-sveitin sem spilar með henni sé ekki af verri endanum. Með henni spila Kjartan Valdimarsson á piano, Sigurður Flosason á saxófón, Einar Scheving á trommur og Þorgrímur Jónsson á bassa. „Ég hef verið ótrúlega lánsöm með meðspilara í gegnum tíðina og er það sannarlega líka núna.“

Vill skilja eitthvað eftir sig

Rebekka hefur átt annríkt síðustu ár. Hún hefur stundað tónlistarnám, háskólanám og átt tvö börn. Hún segir að það hafi verið áskorun að púsla saman fjölskyldulífi, skóla, vinnu og tónlistinni. „Eftir að ég útskrifaðist á þessu ári hef gert meira af því að koma fram. Ég útskrifaðist með framhaldspróf í djasssöng í vor en það hefur verið löng fæðing með háskólanámi og

„Djasstónlist er í miklu uppáhaldi hjá mér. Það er einhver hljómbler í þessum lögum sem mér finnst svo dásamlegur.“

tveimur börnum. En núna er ég farin að gera meira og það stendur til að bæta í á nýju ári. Þetta er búið að vera púsl með nýju barni, en þetta er á sama tíma svo gaman og eitthvað sem ég myndi ekki vilja sleppa.“

Eftir tónleikana á miðvikudaginn ætlar Rebekka að taka sér fri frá tónleikum fram yfir áramótin. „Ég kem að vísu fram á styrktartónleikum fyrir BUGL í Grafarvogskirkju 14. nóvember ásamt ýmsum göðum listamönnum, en annars er ég ekki búin að plana fleiri tónleika fyrir júl. Ég átti yngri dóttur mína bara núna í febrúar þannig að ég er nýbúin að klára fæðingarorlofið og farin aftur að vinna, þannig að mig langar að njóta fyrstu jólnanna hennar með fjölskyldunni og koma svo sterk inn á nýju ári.“



Rebekka flutti lög Ettu James og Billie Holiday á Jómfrúnni í sumar.

Rebekka segir erfitt fyrir tónlistarfólk sem er að reyna að koma sér á framfæri að ætla sér að lifa bara á tónlistinni. „Fyrir mig kemur ekkert annað til greina en að vera í dagvinnu en svo sinni ég tónlistinni með. Tónlistin er mín ástríða og ég reyni að gefa henni eins mikinn tíma og ég get. Mig langar svolítið að fara að koma með eitthvað frumsamið. Mig langar að skilja eitthvað eftir mig og ég er að vinna í eigin efni hægt og rólega,“ segir Rebekka að lokum.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf
Ábyrgðarmaður:
Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út þriðjudaginn 26. nóvember.

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins. Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Vilt þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?

Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins. Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

11.11.2019

Singles' Day

1.111 vörur á **risaafslætti**

Allt annað á 11% afslætti!



-11%
Öll matvara



-22%
Allt frá Playmobil



-33%
Af öllum Lavera
föðunavörum



-33%
30.990 kr.
26.793 kr.



-66%
3.990 kr.
1.395 kr.



-55%
Serum andlitsdropar
6.990 kr.
3.145 kr.



-66%
Barnaíbróttaskór
12.990 kr.
4.417 kr.



-44%
Nutri Boost blandari
10.990 kr.
11.290 kr.



-22%
55" 4K UHD snjallsjónvarp
119.990 kr.
93.990 kr.



-77%
1.490 kr.
342 kr.

...aðeins til miðnættis í kvöld

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Ásvelli 1, Haukasvæði.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18.sept. 2019 var samþykkt að auglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að: skilgreind er ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100 – 110 íbúðum eða um 10.000m² byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2 – 5 hæðir. Bílakjallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum. Fjölnota knatthús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25m yfir miðju vallar en 12m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050m² og verður stærð húss 9.900m² nettó. Samtengt knatthúsinu verður 900m² þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leiti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 11.11-23.12.2019. Efni er einnig aðgengilegt á www.hafnarfjordur.is

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs eigi síðar en 23. desember 2019.



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is



Sveitarfélagið Vogar

Kynning tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu vegna nýs vatnsbóls.

Sveitarfélagið Vogar kynnir hér með, skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sem felst í breyttri staðsetningu á fyrirhuguðu vatnsbóli þéttbýlisins í Vogum (VB-2) og deiliskipulag vegna nýs vatnsbóls ásamt umhverfisskýrslu skv. 4. mgr. 40. gr. sömu laga.

Tillögurnar eru til kynningar frá og með 11. nóvember 2019 til og með 25. nóvember 2019 og eru aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, þar sem má kynna sér þær á slóðinni: <https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu>

Tillögurnar verða til sýnis og umræðu hjá skipulags- og byggingarfulltrúa miðvikudaginn 20. nóvember nk. á milli kl. 15:30-16:30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga að lóndal 2.

Ábendingum vegna tillagnanna má senda skriflega til Sveitarfélagsins Voga með bréfi eða tölvupósti á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en 25. nóvember 2019.

Að lokinni kynningunni verður unnið úr þeim ábendingum sem kunna að vera gerðar við tillögurnar. Að því loknu verða endanlegar tillögur teknar til umfjöllunar hjá skipulagsnefnd og að henni lokinni lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar til formlegrar auglýsingar þeirra, skv. 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins athugasemdafrests.

Vogum, 11. nóvember 2019
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is